



# Meltingarsetrið ehf – speglanir

Læknasetrinu Þönglabakka 6, 109 Reykjavík

Sérfræðingar í meltingarsjúkdómum

Einar Oddsson – Hallgrímur Guðjónsson – Jón Örvar Kristinsson – Óttar Bergmann – Sigurður Ólafsson

## LEIÐBEININGAR UM UNDIRBÚNING FYRIR RISTILSPEGLUN MEÐ PICOPREP

Dagsetning speglunar: \_\_\_\_\_ kl. \_\_\_\_\_

Ef þú vilt leita nánari upplýsinga eða þarft að breyta tímanum, vinsamlegast hafðu þá samband við LÆKNASETRID Þönglabakka 6, 109 Reykjavík, sími 535-7700, fax 535-7794 eða [setrid@setrid.is](mailto:setrid@setrid.is). Upplýsingar má einnig finna á heimasíðunni: [www.setrid.is](http://www.setrid.is).

Ef þú ert á blóðþynningu (Kóvar), Persantin, Plavix, Clopidogrel, Grepid, Pradaxa eða Xarelto láttu þá lækni þinn vita því oftast er ráðlagt að stöðva notkun þessara lyfja viku fyrir speglun ef það er talið öruggt.

**Í eina viku fyrir rannsókn:** Forðast trefjar, gróf fræ, kiwi og annað grófmæti. Notirðu járntöflur þarftu að gera hlé á notkun þeirra viku fyrir speglun.

**Tært fljótandi fæði í 48 klst. fyrir speglun:** “Tærir vökvar” eru t.d. vatn, tærar súpur (t.d. súputeningar), ávaxtasafar án aldinkjöts, ávaxtahlaup (“jello”), gosdrykkir (Sprite, ekki kók), svart kaffi eða te. Mikilvægt er að líkaminn fái nægilegan sykur og því ber að forðast sykurlausa drykki. Neytið ekki mjólkurvara eða fastrar fæðu.

### Dagur 1: Tveimur dögum fyrir rannsóknina:

Tært fljótandi fæði allan daginn.

### Dagur 2: Dagurinn fyrir rannsóknina:

Tært fljótandi fæði allan daginn.

PICOPREP 1 bréf í einn bolla af vatni (u.þ.b. 150 mL) hrærið í 2-3 mínútur og úr verður skýjuð mixtúra sem getur hitnað við íblöndunina, ef mixtúran verður of heit bíðið þar til kólnar hæfilega svo hægt sé að drekka hana.

– Drekkið innihald 1 bréfs kl 17 daginn fyrir rannsóknina.

– Drekkið 250 ml af vatni eða öðrum tærum vökva á hverri klst, meðan á tæmingu stendur til að forðast vökvaskort.

Gott er að hreyfa sig t.d. ganga um á meðan úthreinsun stendur.

### Dagur 3: Skoðunardagur:

Áfram tært fljótandi fæði. Byrja daginn á því að drekka og drekka vel fram að speglun sbr að ofan.

**Annað bréf tekið 5 klst áður en speglun á að hefjast.**

Ef speglun er kl. 08:30 þarftu að byrja að drekka um kl. 03:30. Vökvinn sem gengur niður á að vera tær og tægjulaus.

**Ef framkvæma á bæði maga- og ristilspeglun fyrir kl. 11, drekkið þá allan Picoprep vökvann deginum áður og byrjið kl 16 og seinni skammt kl 20. Ef fyrirhugað er að gera magaspeglun á undan ristilspegluninni á að fasta í a.m.k. 4 klst. Mikilvægt er að drekka vel allan undirbúningstímann. Ekki þarf lyfseðil fyrir úthreinsiefninu (PICOPREP).**

Mundu að ef gefin er kæruleysissprauta ert þú ófær um að aka bíl eða stýra tækjabúnaði í 6 klst. Mælt er með að fylgdarmaður komi og fylgi þér heim eftir útskrift.